

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

78. Nefnd Félags byggingaiðnaðarmanna, Árnessýslu. Aðsetur Selfossi. Staðfest 14. marz 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 25. marz 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

26. marz 1969.

Nr. 88.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Holger Thuesen Bruun's, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. marz 1969. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Holger Thuesen Bruun's.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Holger Thuesen Bruun” skibshandler hjá fyrirtækinu Oscar Rolf's Eftf. St. Annæ Plads 22, Kaupmannahöfn.

2. gr.

Stofndagur sjóðsins telst vera 21. febrúar 1968, en þann dag hefði Holger Thuesen Bruun orðið 75 ára, en hann lézt hinn 20. nóvember 1967, í Kaupmannahöfn.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Skipstjórafélags Íslands með frjálsum framlögum meðal íslenska farmanna, og er stofnfé sjóðsins kr. 136 250.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kaupa fjarskiptabúnað til eflingar björgunarsveitum Slysavarnafélags Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Slysavarnafélags Íslands undir umsjón sérstakrar sjóðsstjórnar, sem skipuð skal þrem mönnum. Einum frá Skipstjórafélagi Íslands og tveim skipuðum af stjórn Slysavarnafélags Íslands. Formaður sjóðsstjórnar skal ávallt vera fulltrúi Skipstjórafélags Íslands. Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni, úthlutun úr sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður í Landsbanka Íslands. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber stjórn Slysavarnafélags Íslands skylda til að sjá svo um, að innistæða um áramót hverju sinni, sé minnst kr. 100 000.00.

7. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á móti gjöfum og fjárframlögum og er það von stofnenda hans, að einstaklingar og félög, sem unna þeim þætti slysavarnamála, sem björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands leysa af hendi, efli sjóð þennan með fjárframlögum eftir vilja og getu hvers og eins. Þau fjárframlög, sem á þann hátt kynnu að berast sjóðnum, verða þó því aðeins þegin, að þau á engan hátt breyti tilgangi og markmiði sjóðsins samkvæmt því sem ofangreindir í skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Í lok janúarmánaðar ár hvert skili stjórn sjóðsins endurskoðuðum reikningum hans, svo og greinargerð um hvernig úthlutunarfé hafi verið varið.

Í stjórn Minningarsjóðs Holger Thuesen Bruun.

F. h. Skipstjórafélags Íslands.

Lárus Þorsteinsson.

F. h. Slysavarnafélags Íslands.

Ingólfur Þórðarson. Hannes Þ. Hafstein.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnhildar Grímsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 27. marz 1969. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Gunnhildar I. Grímsdóttur frá Sigtúni á Vopnafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnhildar I. Grímsdóttur. Stofnendur eru tengdabörn hinnar látnu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gunnhildi I. Grímsdóttur. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum hans, gjafir og áheit, sala á minningarkortum og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum er segir í 6. gr.